



Fjármálaráðherra
Bjarni Benediktsson
Fjármálaráðuneytið
Arnavoli
101 Reykjavík

Reykjavík, 5. mars 2021

Efni: Niðurfelling virðisaukaskatts við endursölu rafmagns-, vetnis- eða tengil-tvinnbifreiða.

Hæstvirtu ráðherra,

Samtök ferðaþjónustunnar og Bílgreinasambandið, hér eftir nefnd sameiginlega samtökin vilja byrja á að lýsa ánægju með að niðurfellingu VSK við endursölu rafmagns-, vetnis- eða tengil-tvinnbifreiða var fyrir áramót bætt við bráðabirgðaákvæði XXIV í lögum um virðisaukaskatt nr 50/1998. Samtökin vilja þó með erindi þessu koma á framfæri ábendingu um að þriggja ára tímamörk fyrir endursölu umræddra ökutækja eftir nýskráningu hér á landi eru afar hamlandi fyrir árangur í orkuskiptum. Ástæðan er rakin hér að neðan. **Samtökin biðla vinsamlega til ráðherra að gera breytingar á nógildandi bráðabirgðaákvæði XXIV eða bæta við nýju bráðabirgðaákvæði um niðurfellingu virðisaukaskatts við endursölu ökutækis innan 48 mánaða eftir nýskráningu hér á landi, í stað nógildandi 36 mánaða.**

Hér á eftir eru punktar sem rökstyðja fyrrgreinda ábendingu og beiðni samtakanna:

- Þrátt fyrir niðurfellingu VSK eru vistvæn ökutæki dýrari í innkaupum en hefðbundin ökutæki af sömu stærð og/eða gerð
- Raunafföll eru mikil af vistvænum ökutækjum vegna örra tæknibreytinga þar sem ný ökutæki eru með meira drægi og fullkomnari búnað en eldri ökutæki
- Til að milda neikvæð áhrif bregða ökutækjaleigur á það ráð að leigja vistvæn ökutæki í skammtímaleigu fyrstu misserin og setja þau svo í langtímaleigu sem samkeppnishæfan kost við hefðbundin ökutæki
- Hefðbundin langtímaleiga nær að jafnaði yfir um 36 mánuði
- Þegar selja þarf ökutæki innan 36 mánaða, ökutæki sem fellur mikið í verði, er ljóst að verðlagning á leigutímanum sem stendur til boða þarf að taka mið af því og færri viljugir að leigja vistvæn ökutæki á þeim forsendum
- Sem dæmi má nefna að ökutæki með markaðsvirði upp á 4 milljónir innan 36 mánaða þarf að selja á 5 milljónir þegar 36 mánuðir eru liðnir. Hvorki bílaleigur eða viðskiptavinir þeirra í langtímaleigu hafa áhuga á samningum á slíkum forsendum. Þetta hefur í för með sér færri vistvæn ökutæki í langtímaleigu og hægari takt í orkuskiptum
- **Ef hægt er að milda afföllin með því að eiga ökutæki lengur er hægt að bjóða þau til leigu á samkeppnishæfu verði sem einfaldar allar áætlanir til orkuskipta.**



Áhrif þeirrar tillögu sem samtökin óska eftir eru engin á ríkissjóð þar sem ökutækjaleigur munu að öllu óbreyttu selja bíla fyrir 36 mánuði ef ekkert er að hafst en á sama tíma verður framboð vistvænna ökutækja til útleigu takmarkað. Áhrifin af lengingu tímabils birtast hins vegar í því að langtímaleiga á vistvænum ökutækjum verður fýsilegri og eflir takt orkuskipta.

Samtökin óska eftir að eiga fund með fjármálaráðherra til að fara nánar yfir efnisatriði þessa erindis.

Fyrir hönd Bílgreinasambandsins.

María Jóna Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri

Fyrir hönd Samtaka ferðaþjónustunnar.

Gunnar Valur Sveinsson, verkefnastjóri bílaleigu